

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sameinað Sílikon hf Reykjanesbær



Dags eftirlits	22.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sameinað Sílikon hf	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Stakksbraut 9	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	6602141190	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Helgi Auðunsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Magnússon	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna ábendinga um reykmenngun frá verksmiðjunni mánudagskvöldið 21. nóvember. Ekki var tilkynnt um atvikið til Umhverfisstofnunar og fyrirspurnum Umhverfisstofnunar um ástæður þess hafði ekki verið svarað.

Að loknum eftirlitsfundi sást að reykjarmökkur stóð frá ofnhúsinu. Brugðist var strax við og um 30 mínútur liðu þar til að reykurinn var orðinn minniháttar, þ.e.a.s. vart sýnilegur. Ástæðan var vanstilling á sjálfstýringu afsogsbúnaðar. Áætlun til úrbóta vegna fráviks hefur borist og verið metin fullnægjandi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ástæður atviksins en skýringar rekstraraðila eru að starfsmenn hafi verið að vinna við að stilla afsogsstyrk í samræmi við álag í ofninum og fyrir mistök hafi lokast fyrir afsogið tímabundið svo að ofnhúsið fylltist af reyk. Brugðist var strax við og fullnægjandi afsogi komið á.

Farið var yfir mikilvægi þess að Umhverfisstofnun væri upplýst um atvik sem þessi, hversu lengi þau stæðu yfir og hvernig úrbótum væri háttað. Þá var ítrekað mikilvægi skráninga til að fyrirbyggja atvik sem þessi eins og hægt er og meta losun frá verksmiðjunni.

Ofninn var keyrður á 20 MW þegar eftirlitið fór fram en hann verður keyrður á 32 MW á fullu álagi.

Þegar eftirlitsfundi lauk sást vaxandi reykur frá ofnhúsinu og var þá um leið haft samband við rekstraraðilann að nýju. Ástæða reykmenngunarinnar var að sjálfvirk stýring á afsogsbúnaði reiknaði ekki út réttan afsogsstyrk. Virkið var í kjölfarið sett á handstýringu og afsogsstyrkur hækkaður svo hann væri fullnægjandi. Um 30 mínútum eftir óhappið var reykurinn frá ofnhúsinu orðinn minniháttar.

Frávik frá

Grein 2.5 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Upp komu atvik þar sem að afsog og hreinsun útblásturs var ekki nægjanleg. Við handstýringu á styrk afsogs var lokað fyrir afsog í stað þess að auka afsogið. Af þeim sökum varð mikil reykmenngun frá ofnhúsi tímabundið. Eins kom upp atvik í lok eftirlitsins þar sem að sjálfstýring á afsogsbúnaði virkaði ekki sem skyldi og varð því mikill sýnilegur reykur frá ofnhúsinu. Brugðist var við atvikinu og afsog sett á fullan styrk.

Grein 4.6 í starfsleyfi

Ekki hefur verið tilkynnt til Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnd um mengunaróhöpp sem átt hafa sér stað í verksmiðjunni. Þá hefur Umhverfisstofnun þurft að ganga ítrekað eftir upplýsingum og gögnum.

ATHUGASEMDIR

Í eftirlitinu var upplýst um óhapp við útsteypingu mánudaginn 21. nóvember þar sem að deigla yfirfylltist og lak úr henni út á gólf. Vel gekk að hreinsa upp efnið og ekki urðu slys á fólki

ANNAÐ

Vegna fráviks um afsog og hreinsun útblásturs og tilkynningaskyldu um óhöpp verða gerðar endurbætur á sjálfvirkibúnaði reykahreinsivirkis þá verður sett inn sjálfvirk skráning á öllum frávikum í rekstri þess auk hljóð og texta viðvörðunar í stýrikerfi þegar frávik hefst. Þá verður Umhverfisstofnun tilkynnt um öll frávik sem verða í rekstri

reykhreinsivirkis.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.12.2016

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir